

Ed.

225. Frumvarp til laga

[147. mál]

um breytt verðgildi íslensks gjaldmiðils.

(Lagt fyrir Alþingi á 100. löggjafarþingi 1978.)

1. gr.

Í lögum þessum nefnist gjaldmiðill sá, sem löglega var gefinn út fyrir gildistöku laga þessara, 1. janúar 1980, gömul króna, til aðgreiningar frá gjaldmiðli gefnum út frá þeim degi, en hann nefnist ný króna í lögum þessum.

Lög þessi taka bæði til peningaseðla og peninga sleginna úr málni (myntar).

2. gr.

Frá og með 1. janúar 1980 hundraðfaldast verðgildi krónunnar. Jafngildir þá ein ný króna eitt hundrað gömlum krónum, og á sama hátt jafngildir einn eyrir nýrrar krónu einni gamalli krónu. Breytist ákvæðisverð eldri seðla og myntar, sem þá eru í umferð, í samræmi við það.

3. gr.

Nú eru í lögum, reglugerðum, stjórnvaldaákvörðunum, úrskurðum eða gjaldskráum, sem út voru gefnar fyrir 1. janúar 1980, greindar fjárhæðir í krónum og skulu þær fjárhæðir þá lækkaðar þannig, að hin nýja fjárhæð telst einn hundraðasti hluti af eldri fjárhæðinni.

4. gr.

Sérhver fjárhæð í dómi, skuldabréfi, skuldaviðurkenningu, vixli, tékka, leigusamningi, hlutabréfi og öðrum skjölum, sem skylda til greiðslu í krónum eða lofa greiðslu í krónum og út hafa verið gefin fyrir 1. janúar 1980, en greiðsla hefur eigi verið innt af hendi, skal breytast þannig, að hin nýja fjárhæð skal teljast einn hundraðasti hluti af hinni eldri fjárhæð.

Gildir þetta um allar greiðslur samkvæmt skjölum þessum, svo og hvers konar aðrar munnlegar og skriflegar greiðsluskuldbindingar, sem eigi hafa verið inntar af hendi fyrir 1. janúar 1980.

5. gr.

Frá og með 1. janúar 1980 skal hvers konar endurgjald og laun fyrir vinnu og starf, þóknunir og endurgjald fyrir vöru og þjónustu reiknast í hinum nýju krónum.

6. gr.

Í bókhaldi skulu öll viðskipti, sem eiga sér stað frá og með 1. janúar 1980, færð með nýjum krónum. Sömu leiðis skulu öll reikningsskil tímabils, sem lýkur á árinu 1980 og þar á eftir, færð með nýjum krónum.

7. gr.

Þrátt fyrir ákvæði laga þessara skulu seðlar þeir, sem út hafa verið gefnir og mynt sú, sem slegin hefur verið og gefin út fyrir 1. janúar 1980, halda gildi sínu og vera lögeyrir í allar greiðslur hér á landi í sex mánuði eftir gildistöku laganna þó þannig, að verðmæti hvers seðils eða myntar skal reiknast einn hundraðasti hluti af ákvæðisverði.

Frá og með 1. júlí 1980 skulu seðlar þeir og mynt, sem út var gefin fyrir 1. janúar 1980, hættá að vera lögmætur gjaldmiðill í lögskiptum manna. Seðlabanka Íslands er þó skylt að innleysa þá seðla og mynt í 18 mánuði eftir lok sex mánaða frestsins.

Sömu reglur og greinir í 1. og 2. mgr. skulu gilda um frimerki, sparimerki, stimpilmerki og önnur hliðstæð heimildarskjöl, að öðru leyti en því, að útgefandi er innlausnarskyldur.

8. gr.

Fjárhæð, sem við verðgildisbreytinguna 1. janúar 1980 verður minni en hálfur eyrir nýrrar krónu, fellur niður, en hálfur eyrir og hærri fjárhæð skal hækka í einn eyri nýrrar krónu.

9. gr.

Viðskiptaráðherra setur að fengnum tillögum Seðlabanka Íslands reglugerð um framkvæmd laga þessara.

10. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim varða sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að fjórum árum, enda liggi ekki við broti þyngri refsingur samkvæmt öðrum lögum.

11. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1980.

**Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.**

Heildarreglur um gjaldmiðil landsins, seðla og mynt, voru settar með lögum nr. 22 frá 23. apríl 1968. Sama ár tók Seðlabankinn við myntútgáfu úr höndum ríkissjóðs. Innlend skiptimynt hefur verið slegin síðan 1922. Árin 1959 og 1960 gaf Seðlabankinn út nýja seðlaseríu, sem í aðalatriðum er enn byggt á.

Eftir setningu gjaldmiðilslaganna 1968, hefur smámynt verið felld niður í áföngum og aurar felldir brott til hagræðis fyrir viðskiptalífnið. Með þessu móti var unnt að hætta að slá verðminnstu peningana, en ný mynt slegin í stað verðminnstu seðlanna.

Um nokkurt skeið hefur sú skoðun oftlega komið fram, að æskilegt væri að auka verðgildi krónunnar. Árið 1962 lagði stjórnskipuð nefnd til að tífalda bæri verðgildi hennar, en sú tillaga náði ekki fram að ganga. Á Alþingi 1971 kom fram tillaga til þingsályktunar um sama efni og var hún samþykkt 16. maí 1972. Bankastjórn Seðlabankans taldi þá, að slík breyting væri ekki tímabær og fjárhagslega óhagkvæm, þar sem nýlega höfðu verið gerðar talsverðar breytingar á myntkerfinu. Hins vegar taldi bankastjórnin rétt að kanna, er krónan væri orðin minnsta mynt-einingin, hvort æskilegt væri að hundraðfalda verðgildi hennar. Þá var þingsályktunartillaga sama efnis lögð fram á Alþingi í febrúar á s.l. ári og óskaði þá fjárhags- og viðskiptanefnd neðri deildar áits Seðlabankans á málinu.

Í svarbréfi bankans til nefndarinnar, dags. 24. mars 1977, segir bankastjórnin það skoðun sína, að veigamesta röksemdin fyrir gjaldmiðilsbreytingu sé, að breytingin kunnir að hafa hagstæð sálraen áhrif, draga úr verðbólguhugsunarhætti og gæti orðið tákni þess, að ný stefna væri tekin upp í efnahagsmálum. Það væri pólitískt mat, hver líkindi væru á því, að þessi hagstæðu áhrif næðust, en reynsla annarra þjóða benti til þess, að slíkt mundi því aðeins gerast, að samtímis ætti sér stað veruleg stefnubreyting í meðferð efnahagsmála almennt. Ennfremur var bent á, að verði að því stefnt að taka upp nýja mynteiningu, komi ekki annað til greina en að hún verði 100 sinnum verðmeiri en núgildandi króna, sem síðan

skiptist í 100 smærri einingar eða aura. Alþingi vísaði málinu til ríkisstjórnarinnar í apríllok 1977.

Í þeim greinargerðum, sem Seðlabankinn hefur lagt fyrir ríkisstjórnina er bent á, að nauðsynlegt sé orðið að ákveða breytingar á seðla- og myntútgáfunni til þess að fullnægja eðlilegum kröfum viðskiptalífsins og til aukinnar hagræðingar við útgáfu seðla og myntar. Er þörf fyrir verðmeiri seðla orðin mjög brýn, auk þess sem ekki verður dregið lengur að minnka stærð og þunga myntarinnar. Er núgildandi mynt orðin alltof dýr í framleiðslu miðað við verðgildi. Eins er tímabært að gefa út mynt í stað verðminnstu seðlanna, sem í umferð eru.

Gjaldmiðilsbreyting fór fram í Frakklandi í ársbyrjun 1960 og sama gerðu Finnar í ársbyrjun 1963. Frakkar höfðu nýja og gamla franka samtímis í umferð um talsverðan tíma, sem olli óhagræði meðan á henni stóð. Finnar lögðu áherslu á, að skiptin tækju sem skemmstan tíma. Er talið að skiptin hafi tekist mun betur í Finnlandi heldur en Frakklandi.

Það sem fyrst kemur til athugunar, þegar rætt er um gjaldmiðilsbreytingu er, hvort ástæða sé til og vilji fyrir því að taka upp nýtt nafn í stað krónunnar. Kemur helst til greina að taka upp nafnið mörk, í fleirtölu merkur. Margar ástæður eru fyrir því, að ekki er lagt til að breyting verði hér á, enda krónan orðin rótgróin hér á landi og auk þess notuð á öllum Norðurlöndum nema Finnlandi. Er því horfið frá nafnbreytingu og lagt til að ráðist sé í breytingu í formi hundraðföldunar á verðgildi krónunnar.

Telja verður, að gjaldmiðilsskipti hér á landi verði mun auðveldari í framkvæmd en meðal stærri þjóða og er enn talið mögulegt að stefna að slíkri breytingu í ársbyrjun 1980. Ráðgerðir nýir seðlar og mynt er að mestu frágengið. Hefur útgáfan verið kynnt almenningi og hinum væntanlegu stærðum yfirleitt verið vel tekið. Reiknað er með því að við gjaldmiðilsbreytingu séu látnar í umferð fimm nýjar myntstærðir að verðgildi 5 og 1 króna, 50, 10 og 5 aura og gefin út ný seðla-sería með fjórum seðlastærðum að verðgildi 10, 50, 100 og 500 krónur.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir, að gjaldmiðill í umferð verði nefndur gömul eða ný króna, eftir því sem á stendur meðan á skiptum stendur. Þetta verði samt alls ekki gert til frambúðar heldur aðeins þegar nauðsynlegt er t. d. í viðskiptum með skuldaskjöl utan banka á meðan breytingin gengur yfir. Er það alls ekki ætlanin, að gjaldmiðillinn verði kallaður ný króna, nema meðan á skiptum stendur en þá verða bæði nýjar og gamlar krónur í umferð jafnhliða. Lítil hætta verður á, að menn ruglist á þeim, þar sem hinir nýju seðlar verða frábrugðnir gömlu seðlunum í útliti og sama er að segja um nýju myntina, en á henni er auk þess greint sláttuár.

Ráðgert er, að gamlir seðlar og mynt haldi fullu gildi til 1. júlí 1980 og er öllum bönkum og sparisjóðum skylt að innleysa gömlu krónurnar á meðan. Í næstu 18 mánuði þar á eftir, verði Seðlabankinn áfram skyldugur að innleysa hinar gömlu krónur. Er ástæða til að ætla, að aðalskiptin fari fram tiltölulega fljótt, líklega á fyrstu vikum ársins 1980.

Í frumvarpinu er fjallað um sjálfa verðgildisbreytinguna og hvernig, að henni verði staðið, en gjaldmiðilslögin standa áfram óbreytt að mestu leyti.

Með hliðsjón af þessu er lagt til, að ráðist sé í báðar umræddar breytingar, miðað við 1. janúar 1980. Samhliða nýrri seðla- og myntútgáfu verði verðgildi krónunnar hundraðfalað og teknir í því sambandi upp aurar að nýju. Nafn gjaldmiðilsins sé óbreytt.

Leggja verður á það höfuðáherslu, að tryggja sem besta framkvæmd á breytingunni og verði öll aðgerðin ítarlega kynnt fyrir almenningi, þannig að sem minnst hætta verði á mistökum og misskilningi. Framkvæmd þessarar breytingar mun að sjálfsögðu hvíla fyrst og fremst á Seðlabankanum. Bankinn annist þetta verk, ef til þess kemur í nánú samstarfi við viðskiptaráðuneyti og fjármálaráðuneyti. Kostnaður hjá einkaaðilum og fyrirtækjum verður óverulegur.

Ríkisstjórnin telur af framangreindum ástæðum nú rétta tímann til að gera nauðsynlegar breytingar á gjaldmiðlinum og taka upp stærri mynteiningu, hundrað sinnum verðmeiri en núgildandi króna. Verði ákvörðun um slíka gjaldmiðilsbreytingu tekin nú, yrði beinn kostnaður henni samfara tiltölulega lítill umfram þann kostnað, sem hvort sem er verður að leggja í á næstunni.

Ríkisstjórnin hefur gert baráttuna gegn verðbólgunni að höfuðstefnumiði sínu. Enn er ekki víst, hvort þeirri viðleitni fylgir árangur sem erfiði. Hins vegar telur hún, að gjaldmiðilsbreyting nú, sé ekki aðeins viðskiptalega hagkvæm, heldur leggi hún áherslu á þann eindregna vilja stjórnvalda, að hinn íslenski gjaldmiðill sé hafinn til vegs á ný og varðveisla verðgildis hans verði í framtíðinni eitt megin markmið íslenskrar efnahagsstefnu.

#### Fylgiskjal.

##### Skipting seðla í umferð á seðlastærðir í lok ágúst 1978.

	m.kr.	%
5000 krónur .....	8 578.8	83.4
1000 krónur .....	1 146.8	11.1
500 krónur .....	241.9	2.4
100 krónur .....	315.0	3.1
Samtals	10 282.5	100.0

##### Skipting myntar í umferð á myntstærðir í lok ágúst 1978.

	m.kr.	%
50 krónur .....	171.6	37.4
10 krónur .....	181.3	39.5
5 krónur .....	52.1	11.3
1 króna .....	54.4	11.8
Samtals	459.4	100.0

#### Fylgiskjal.

##### ÁÆTLUÐ UMFERÐ SEÐLA OG MYNTAR

seðlar	Í árslok 1979		Eftir gjaldmiðilsbreytingu		
	í m.kr.	stk.	seðlar	í m.kr.	stk.
5000 krónur .....	16 500	3 300 000	500 krónur .....	50	100 000
1000 krónur .....	1 700	1 700 000	100 krónur .....	80	800 000
500 krónur .....	350	700 000	50 krónur .....	40	800 000
100 krónur .....	400	4 000 000	10 krónur .....	20	2 000 000
	18 950	9 700 000		190	3 700 000
seðlar	í m.kr.	stk.	seðlar	í m.kr.	stk.
50 krónur .....	265	5 300 000	5 krónur .....	5.0	1 000 000
10 krónur .....	275	27 500 000	1 króna .....	6.0	6 000 000
5 krónur .....	65	13 000 000	50 aurar .....	1.5	3 000 000
1 króna .....	70	70 000 000	10 aurar .....	1.7	17 000 000
	675	115 800 000	5 aurar .....	0.3	6 000 000
				14.5	33 000 000

## Fylgiskjal.

### VERÐGILDI ÍSLENSKU KRÓNUNNAR EFTIR HUNDRADFÖLDUN MIÐAÐ VIÐ NOKKRA ERLENDA GJALDMIÐLA<sup>1)</sup>

	Dönsk króna	Norsk króna	Sænsk króna	Finnskt mark	Bandar. \$	Enskt £
<b>SEÐLAR:</b>						
500 krónur .....	841.79	810.00	696.49	638.50	157.38	80.66
100 krónur .....	168.36	162.00	139.30	127.70	31.48	16.13
50 krónur .....	84.18	81.00	69.65	63.85	15.74	8.07
10 krónur .....	16.84	16.20	13.93	12.77	3.15	1.61
<b>MYNT:</b>						
5 krónur .....	8.42	8.10	6.96	6.39	1.57	0.81
1 króna .....	1.68	1.62	1.39	1.28	0.31	0.16
50 aurar .....	0.83	0.81	0.70	0.64	0.16	0.08
10 aurar .....	0.16	0.16	0.14	0.13	0.03	0.016
5 aurar .....	0.08	0.08	0.07	0.06	0.016	0.008

#### *Athugasemdir við einstakar greinar.*

Um 1. gr.

Þó gert sé ráð fyrir því, að gjaldmiðill sá, sem út verði gefinn eftir 1. janúar 1980, verði kallaður ný króna, er ekki ætlunin, að það nafn verði notað til fram-  
búðar. Fyrst í stað verða bæði nýjar og gamlar krónur í umferð jafnhliða. Lítil  
hætta verður á, að menn ruglist á þeim, þar sem hinir nýju seðlar verða allfrá-  
brugðnir gömlu seðlunum í útliti og sama er að segja um nýju myntina, en á henni  
er auk þess greint sláttuár.

Um 2. gr.

Í grein þessari fest sú meginbreyting, sem lagt er til að gerð verði. Hún felst  
einfaldlega í því, að mynteiningar þær, sem út verða gefnar eftir 1. janúar 1980,  
eru hundrafalt verðmeiri en þær, sem gefnar voru út á árinu 1979 og fyrr. Ein  
ný króna jafngildir þannig eitt hundraföld gömlum krónum.

Um 3. gr.

Í mörgum gildandi lögum, reglugerðum, stjórnvaldaákvörðunum, úrskurðum og  
opinberum gjaldskráum útgefnum fyrir 1. janúar 1980 eru fjárhæðir greindar í krón-  
um. Allar slíkar fjárhæðir skulu 1. janúar 1980 breytast í nýjar krónur, þ.e. tölu-  
lega lækkaðar í nýjar krónur. Á þetta jafnt við gjöld á einkaréttarsviðinu og í  
opinberum rétti, svo sem refsingar (sektir).

Óþarfi er að hafa ákvæði um gullkrónur, en í nokkrum lögum er sú viðmiðun  
notuð. Þar verður þó ekki um breytingu á fjárhæð í gullkrónu að ræða en verð-  
gildi hennar í nýjum krónum mun að sjálfsögðu hundrafaldast miðað við gömlu  
krónuna.

1) Skv. gengisskráningu Seðlabanka Íslands, kaupengi 7. desember 1978.

Um 4. gr.

Dómum og úrskurðum dómstóla, sem upp hafa verið kveðnir fyrir 1. janúar 1980 og skylda til greiðslu fjár í krónum, en eigi hefur verið fullnægt fyrir það tímamark, skal eftir það tímamark fullnægt með nýjum krónum en þess gætt, að þær eru hundraðfalt verðmeiri en gamlar krónur, þannig að dómpóli fullnægir greiðsluskyldu sinni með því að greiða einn hundraðasta hluta af nafnverði dómkröfunnar, enda greiði hann með nýjum krónum.

Hliðstætt gildir um hvers konar greiðsluskuldbindingar, skriflegar og munnlegar. Nafnverð hvers konar verðskjala, svo sem hlutabréfa, breytist á sama hátt 1. janúar 1980.

Um 5. gr.

Eftir 1. janúar 1980 skal reikna öll laun, endurgjald fyrir þjónustu og vörur í nýjum krónum. Verða því launagreiðendur og launabíggjendur að breyta öllum launatöxtum um áramótin og kaupmenn að breyta verðmerkingum sínum.

Um 6. gr.

Í bókhaldi skulu öll viðskipti frá og með 1. janúar 1980 færð í nýjum krónum. Bókhaldi vegna ársins 1979 verður hins vegar að ljúka með gömlum krónum, þótt endanleg reikningsskil fari ekki fram fyrir en á árinu 1980.

Um 7. gr.

Þar sem eingöngu gamlar krónur verða í gangi manna á meðal til og með 31. desember 1979 er nauðsynlegt, að þær verði gjaldgengar nokkurn tíma á árinu 1980. Er lagt til, að heimilt verði að nota þær í lögskiptum manna fyrstu sex mánuði ársins, en þá reiknast hver peningur, mynt og seðill, á einn hundraðasta af nafnverði sínu. Eftir þann tíma skal einungis Seðlabankanum vera skylt að taka við þessum gjaldmiðli og innleysa hann, en þó aðeins til 31. desember 1981. Þá falli allar gamlar krónur endanlega úr gildi.

Hliðstæð regla verður að gilda um ýmis heimildarskjöl og greiðslumerki, nema þar leggst innlausnarskyldan á útgefandann t. d. Póst og Síma, Fjármálaráðuneytið.

Um 8.—10. gr.

Þarfnast ekki skýringa.